

Skóladansleikir á vegum NMÍ

Samþykkt á skólaráðsfundi 8. október 2009

- Hverjir fá að sækja skólaböll Menntaskólans á Ísafirði?
 - Nemendur MÍ + 1 boðsgestur á framhaldsskólaaldri á hvern nemanda (nemendur MÍ bera ábyrgð á sínum gestum)
- Miðasala fer fram í skólanum og lýkur kl. 15.00 daginn sem dansleikurinn er haldinn.
- **Listi (gestalisti) yfir nemendur og þeirra gesti** skal útbúinn fyrir hvert skólaball
 - Þegar miðasölu er lokið sendir fulltrúi NMÍ listann í tölvupósti til fulltrúa skólans sem verða í gæslu á viðkomandi dansleik.
- Dansleikir standa frá kl. 23:00-02:00.
- Hleypt er inn á milli 23:00 og 00:00.
- Áfengismælir verður á staðnum og notaður eftir þröfum meðan á dansleik stendur.
- Dyraverðir þurfa að vera bæði kk og kvk.
- Auk dyravarða eru tveir fulltrúar skólans á hverju balli.
- Fulltrúar skólans merkja inn á gestalistann jafnóðum.
- Einungis þeir sem eru á gestalistanum fá inngöngu.
- Enginn óviðkomandi á að vera inni á staðnum.
- Öflug gæsla skal vera á öllum skólaböllum.
- Dyraverðir leita í töskum og á öllum þeim sem koma á ballið.
- Ölvun ógildir miðann og skal það tekið fram á inngöngumiða.
- Reynt skal að hafa allt ráp í lágmarki
 - Ef ballgestur yfirgefur ballsvæði fær hann ekki að koma inn aftur

Ef ballgestir verða uppvísir að eftirfarandi atriðum verður þeim vísað út af dansleik:

- að mæta ölvaðir eða undir áhrifum annara vímuefna á ball
 - að vera með áfengi eða önnur vímuefni á balli
 - að vera undir áhrifum áfangis eða annarra vímuefna á balli
 - ósæmilegri hegðun að mati gæslumanna
-
- Ef ballgestir undir 18 ára aldri eru uppvísir um einhver ofangreindra atriða skal hafa samband við foreldra/forráðamenn og láta sækja viðkomandi einstaklinga.
 - Þessir einstaklingar fá áminningu frá skólameistara og er meinaður aðgangur að næsta skóladansleik.
-
- Vegna þessara ráðstafana er mikilvægt að gestalistinn sé vel unninn. Þar þarf að koma fram **fullt nafn og kennitala gesta og heimilisfang og símanúmer forráðamanna nemenda undir 18 ára aldri. Gestir gætu þurft að sýna skilríki við inngönginn.**